



Reykjavík, 12. apríl 2021

## Ályktun frá aðalfundi Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

Í ágúst 2020 var skipaður starfshópur um greiningu rekstrarkostnaðs hjúkrunarheimila. Sá starfshópur var tilbúinn að skila af sér skýrslu fyrir rétt tæpum fjórum vikum síðan. Skilin hafa dregist því heilbrigðisráðuneytið, sem samt er með fulltrúa í starfshópnum, var ósátt við lokaútgáfu skýrslunnar. Aðalfundur SFV gerir athugasemdir við að ráðuneytið reyni að hafa áhrif á skýrslugerðina með þessum hætti og skorar á ráðuneytið að láta skýrsludrög starfshópsins standa óbreytt og gefa hana út nú þegar.

Ályktun lögð fram og samþykkt á aðalfundi SFV 12. apríl 2021.